



Reykjavík, 7. apríl 2025
MSS23010279
ívs

Stafrænt ráð

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 1.4.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Breytingar á samþykkt stafræns ráðs

3. liður fundargerðar forsætisnefndar, samþykkt fyrir stafrænt ráð, er tekinn fyrir og lagðar eru fram svohljóðandi breytingatillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Við 2. mgr. 2. gr. Stafrænt ráð ákvarðar og forgangsraðar verkefnum sem lúta að stafrænni framþróun og þeim ábata sem sú framþróun kann að hafa í för með sér samkvæmt fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar.

Við 1. mgr. 3. gr. Stafrænt ráð fer með það verkefni að auka gagnsæi í stjórnsýslu borgarinnar og styðja við að ákvarðanir séu gagnadrifnar og gera...

Við 2. mgr. 3. gr. bætist aukaliður: 4. Heldur utan um yfirlit yfir lokin verkefni, ábata og fyrir hvaða svið þau voru unnin.

Breytingatillögur Sjálfstæðisflokksins eru felldar með með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Borgarfulltrúi Viðreisnar situr hjá við afgreiðslu málsins.

Samþykkt fyrir stafrænt ráð er samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. mars 2025

Breytt samþykkt stafræns ráðs



Reykjavík